

**Bréf fjármálaráðuneytisins til allra skattanefnda og skattstjóra,
um frádráttarbær iðgjöld af lífeyri eða persónutryggingu frá skatt-
skyldum tekjum.**

115
24. nóv.

Athygli nefndarinnar (skattstjóra) er vakin á því, að þrátt fyrir ákvæði 5. liðs 17. gr. reglugerðar nr. 133 1936, um tekjuskatt og eignarskatt, eru öll lögboðin iðgjöld af lífeyri og persónutryggingu bær til frádráttar skattskyldum tekjum samkvæmt d-lið 10. gr. laga nr. 6/1935. Enn fremur eru frádráttarbær ólögboðin iðgjöld af lífeyri eða persónutryggingu allt að kr. 1000.00 á ári samtals fyrir hjón eða einstakling

SAMÞYKKTIR

116
8. júlí

fyrir Sparisjóð Súgfirðinga.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Súgfirðinga og skal heimili hans og varnarþing vera Suðureyri í Súgandafirði.

2. gr.

Sérhver af ábyrgðarmönnum sjóðsins skuldbindur sig skriflega til að ábyrgjast að sjóðurinn standi í skilum og svara allt að 250 krónum hver fyrir halla eða tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir og hann sjálfur getur ekki staðið straum af.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur ekki fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður óreiði á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu á sama tíma, og gildir kosning þeirra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmatan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabili hans. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmatan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.